

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Stóra-Hof 1, tjald- og hjólhýsasvæði.

Í breytingunni felst að vestasti byggingarreitur á tjald- og hjólhýsasvæði færist austar og byggingarheimild þjónustuhúss er rýmkuð úr 150 m² í 200 m². Staðsettur er losunarstaður fyrir ferðasalerni syðst á svæðinu. Akvegur að tjaldsvæði er lengdur og gerð er hringleið.

Samþykkt í sveitarstjórn þann 5. apríl 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 9. apríl 2018.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 24. apríl 2018